



Oddeyrarskóli Tengja

2. tbl.
skólaárið
2014-2015




Rýmingaræfing

Miðvikudaginn 31. september var haldin rýmingaræfing í Oddeyrarskóla. Á æfingunni var reynt að líkja eftir raunverulegum aðstæðum. Unnið var samkvæmt endurskoðaðri rýmingaráætlun. Einhverjir hnökrar komu í ljós og því er unnið að endurbótum á ætluinni. Önnur rýmingaræfing er fyrirhuguð á vordögum.



Kennaranemar í Oddeyrarskóla

Á þessu haustmisseri eru þrír kennaranemar við skólann, en það eru þau Björn, Eygló og Ruth. Þau eru kennaranemar á 5. ári við kennaradeild HA. Þau hafa frá því í ágúst verið í vettvangsnámi og hafa fylgst vel með skólastarfinu og gert ýmsar athuganir. Nú eru þau að hefja æfingakennslu sem mun standa fram í desember. Ruth leggur megináherslu á nám yngri barna og er í æfingakennslu í 1. og 2. bekk en Björn og Eygló leggja áherslu á nám eldri barna og taka þau sína æfingakennslu á miðstigi. Leiðsagnarkennarar þeirra eru Rannveig, Kristín Bergþóra, Jóhanna Freydís og Ragnheiður Ásta.



Björn, Eygló og Ruth

Skemmtilegur fjölgreindardagur

Í september var fjölgreindardagur hjá okkur í Oddeyrarskóla. Allir nemendur skólans fóru á átján stöðvar sem reyndu á ólíkar greindir og hæfileika. Meðal stöðva voru Yatsy, afrísk tónlist, sögugerð, taktur, *minute to win it* þrautir og margt fleira. Nemendur voru í aldursblönduðum hópum þar sem tekið var tillit til vinapara innan vinabekkja. Elstu nemendurnir stóðu sig frábærlega sem hópstjórar þar sem þeir leiddu hópana milli stöðva og gættu yngri nemenda í kaffi- og matartíma. Krakkarnir virtust virkilega ánægðir með daginn og erum við starfsfólkið það sannarlega líka.





Á döfinni

16. október: Aðalfundur foreldrafélagsins.

23. október: Starfsdagur. Allir starfsmenn skólans heimsækja Árskóla á Sauðárkróki.

24. og 27. október: Vetrarfrí.

28. okt—2.nóv: Nemendur og kennarar fylla inn í frammistöðumat í Mentor.

3. nóvember: Frammistöðumat birt í Mentor.

5. nóvember: Nemenda— og foreldraviðtöl. Frammistöðumat.

Google drive — upplýsingamennt

Að undanförunu höfum við verið að tileinka okkur að nota Google umhverfið við ýmsa vinnu. Allir nemendur í 5.— 10. bekk hafa fengið google netfang sem endar á @oddeyrarskoli.is. Nokkrir kennarar í hópnum hafa leitt þessa vinnu og hyggjast nú sækja *Google education* ráðstefnu í Svíþjóð í lok október, en þar er m.a. fjallað um hvernig nýta megi umhverfið í stærðfræðikennslu. Google umhverfið felur margt í sér en í skólanum notum við mest póstinn, ritvinnsluumhverfið og eyðublöð. Umhverfið gefur okkur einnig tækifæri á fjölbreyttari kennsluaðferðum og námsmatsleiðum. Nemendur geta deilt skjölum sínum hver með öðrum og unnið saman í einu skjali. Einnig deila þeir vinnu sinni með kennurum sem geta fylgst með og veitt reglulega endurgjöf á verkefni nemenda. Umhverfið nýttist vel í starfsmannahópnum, þar sem við getum deilt vinnu okkar og hugmyndum með þeim sem þarf hverju sinni.

Starfsmannabreytingar

Nokkrir nýir starfsmenn hafa verið ráðnir við skólann í haust. Brynja Hlíf matráður er í veikindaleyfi og Arna Gerður leysir hana af. Birkir Helgason kom því inn sem aðstoðarmatráður þetta tímabil. Einnig hefur Hrönn Ásbjörnsdóttir verið ráðin sem skólaliði við skólann. Þjóðum þau hjartanlega velkomin!



Fréttir úr mótuneytinu

Arna Gerður Ingvarsdóttir er matráður Oddeyrarskóla og með henni starfar Birkir Helgason aðstoðarmatráður. Matseðill skólans er í samræmi við sameiginlega matseðla hjá Akureyrarbæ, en það þýðir að sama hráefni er keypt inn í alla leik- og grunnskóla bæjarins sömu daga. Þetta einfaldar innkaup og birgðastöðu birgja. Nokkir nemendur eru með sérfaði vegna ofnæmis/óþols og er mikilvægt að fá vottorð frá lækni þegar svo er. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á hollan mat sem börnin vilja borða. Við bjóðum alltaf upp á grænmeti og tvær gerðir af ávöxtum með hádegismatnum.

Við bökkum oftast sjálf það brauð sem er með matnum og notum í það heilhveiti á móti venjulegu hveiti. Ný hrærivél var keypt í eldhúsið til að auðvelda þessa vinnu.

Í kaffitímum hjá Frístund bjóðum við upp á brauð með fjölbreyttu áleggi og gerum okkur stundum dagamun með nýbökðu góðmeti. Einnig eru alltaf ávextir á boðstólum.

Við leggjum áherslu á hvetjandi andrúmsloft í mótuneytinu og hvetjum öll börn til að smakka allt sem er í boði, því það er aldrei að vita hvenær bragðlaukarnir falla fyrir nýjungum :)

